

## 117. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 19. maí, 2009 kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Berglind L. Þorbergsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga af tjaldstæði og golfvelli.  
Deiliskipulagstillaga af tjaldstæði og golfvelli lögð fram að nýju sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektarstofu OG, dags. 10.02.2009.  
Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Athugasemdarfrestur var til og með 28. apríl s.l.. Engar athugasemdir bárust.  
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga dags. 10.02.'09 verði samþykkt.
2. Deiliskipulagsbreyting á frístundabyggð við Arnarborg.  
Deiliskipulagstillaga af breytingum á deiliskipulagi frístundabyggðar við Arnarborg dags. 28.08.'08 lögð fram að nýju. Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Athugasemdarfrestur var til og með 14. maí 2009. Engar athugasemdir bárust.  
Nefndin leggur til að tillagan um breytingu á deiliskipulagi dags. 28.08.'08 verði samþykkt.
3. Lágholt 12, utanhússklæðning.  
Einar Ragnarsson sækir um að klæða útveggi húss og bílskúrs með standandi útveggjaklæðningu sbr. erindi dags. 7. maí 2009.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
4. Laufásvegur 3, viðbygging.  
Fyrirspurn frá Bæring Bjarnar Jónssyni um leyfi til að stækka húsið að Laufásvegi 3 samkvæmt tillöguteikningu dags. 13.05.2009.  
Nefndin tekur jákvætt í tillögu. Leita skal umsagnar Húsafriðunarnefndar Ríkisins og grenndarkynna erindið sem óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar þegar að byggingaleyfisumsókn berst.
5. Víkurflöt 7, viðbygging og bílskúr.  
Þorgrímur R. Kristinsson og Gerður H. Sigurðardóttir sækir um að byggja viðbyggingu við íbúðarhúsið og að byggja bílskúr sbr. teikningar frá Verkfræðistofu EK, dags, maí 2009.  
Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir Víkurflöt nr. 5, 6, 8 og 9.
6. Sundabakki 1, viðbygging.  
Björn Benediktsson og Árfóra Steinarsdóttir óska eftir að loka sundi milli húss og bílskúrs og stækka baðherbergi samkvæmt teikningum dags. 19.05.'09. Stærðir:  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Gjöld samtals.

7. Silfurgata 27, staðsetning á gámi.  
María Inga Hannesdóttir óskar eftir að staðsetja tímabundið 20 ft. geymslugám á bílastæði við lóðamörk Silfurgötu 27 vegna byggingaframkvæmda.  
Erindi samþykkt.
8. Hesthúsabyggð. Drög að reglum um umgengni í hesthúsabyggð við Fákaborg.  
Lagðar fram að nýju athugasemdir Hesteigendafélagsins á tillögu um reglugerð um hesthús og hesthúsahverfi í Stykkishólmi.  
Tillögur ræddar. Erindi frestað.
9. Önnur mál.
  - 9a. Rætt var almennt um umgengnismál í bæjarlandinu þ. m. t. brennustæði og leifar af flugeldasýningu á Súgandiseyju og gámasvæðið í Heljarmýri.

BV